29.3.2015

Ábending varðandi aðgengi táknmálsfólks

Málnefnd um íslenskt táknmál óskar Jafnréttisstofu til hamingju með síðuna „Burt með mismunun“ sem er afar fróðleg og vel uppsett. Í því samhengi vill málnefndin vekja athygli á mismunun sem táknmálsfólk býr við í íslensku þjóðfélagi. Táknmálstúlkun er ekki lögfestur réttur í daglegu lífi og þar með talið í atvinnulífi. Einnig er regluverki sem smíðað hefur verið um íslenskt táknmál í mörgum tilvikum ekki fylgt af stjórnvöldum og stofnunum sem jaðarsetur hópinn. Upplýsingasíða Jafnréttisstofu á því brýnt erindi til táknmálsfólk.

Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra, eins og kveðið er á um í 3. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls. Í lögunum er fjallað um lögbundnar skyldur stjórnvalda, jafnt ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar íslenskt táknmál en stjórnvöld skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Það er menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti sem fylgist með því hvernig lögum þessum er framfylgt og getur krafið einstakar stjórnsýslustofnanir um skýrslur þar að lútandi.

Málnefnd um íslenskt táknmál vill af því tilefni vekja athygli Jafnréttisstofu á því að táknmálsfólk hefur ekki jafnan aðgang að efni síðunnar og aðrir landsmenn þar sem hún er ekki sett fram á íslensku táknmáli. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra vann með island.is að því að skapa táknmálsviðmót fyrir allar síður ríkisaðila og sjá má á heimsíðu SHH: https://island.is/s/shh. Samskiptamiðstöðin getur jafnframt veitt þýðingarþjónustu á íslenskt táknmál.

Að lokum vill Málnefnd um íslenskt táknmál benda embættinu á að hægt er að fá ráðgjöf um málefni íslensks táknmáls hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Málnefnd um íslenskt táknmál eins og fram kemur í grein 3.9 í lögum nr. 61/2011 ef upp koma álitamál í þjónustu stjórnvalda við notendur íslensks táknmáls.

Með kveðju,

Valgerður Stefánsdóttir

Formaður

efsvæði MÍT